

Fundur í fjallskilanevnd í Végarði 16.08.2018 kl 10:00

Mættir voru allir nefndarmenn fjallskilanevndar, Eyjólfur Ingvason, Gunnar Jónsson, Hjörleifur Kjartansson, Jóhann F. Þórhallsson og Hallgrímur Þórhallsson. Einnig Kristinn Bjarnason hrl.

Fundarefni:

1. Fjallskilamál í Fljótsdalshreppi.

Farið var yfir þróun fjallskila í sveitarfélaginu undanfarin ár. Kristinn fór yfir hverjar skyldur fjáreigenda, landeigenda og sveitarfélags eru. Rætt var um með hvaða hætti væri hægt að ná betri árangri í hefðbundnum göngum. Bent var á að æskilegt væri að setja á dagsetningar á allar göngur á öllum gangnasvæðum og að gangnastjórar skili skýrslu til fjallskilastjóra að loknum göngum.

Gunnþórunn Ingólfisdóttir oddviti kom inn á fundinn og fór yfir stöðu á endurskoðun á "Fjallskilasamþykkt fyrir Múlasýslur frá 4.janúar 2006". Gunnþórunn situr í endurskoðunarnefnd SSA ásamt Guðfinnu Hörpu Árnadóttur, Guðnýju Harðardóttur, Þorsteini Bergssyni, Önnu Berg Samúelsdóttur og Jakobi Sigurðssyni. Nefndin er búin að funda einu sinni og er stefnt á að senda sveitarstjórnnum á svæðinu drög að breytingum fljótlega og vonast nefndin til að ljúka störfum fyrir næstu áramót.

2. Önnur mál.

Næsti fundur fjallskilanevndar verður 28. ágúst kl. 20:00 í Végarði.

Fundi slitið kl 12:00.

Fundargerð ritaði Jóhann F. Þórhallsson.

Jóhann F. Þórhallsson

Hjörleifur Kjartansson

Eyjólfur Ingvason

Hallgrímur Þórhallsson

Gunnar Jónsson
